

Annar fundur Leiðtogaáðs LUF
29. september 2021, Hitt húsið, kl. 17:15

Fundarstjóri: Geir Finnsson, oddviti Leiðtogaáðs

Fundarritari: Sara Þöll Finnbogadóttir

DAGSKRÁ FUNDARSTJÓRA

Fundur settur: 17:28

Geir Finnsson, oddviti Leiðtogaáðs, opnar fundinn.

1. Kynning nýrra aðildarféлага

Geir Finnsson, kynnti Q - félag hinsegin stúdenta.

Markmið félagsins:

- *Gefa hinsegin (LGBTQIA+) stúdentum tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra*
- *Vera sýnilegt afl innan háskóla og í forsvari þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma*
- *Beita sér í réttindabaráttu hinsegin fólks innan og utan háskóla*
- *Stuðla að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknum um málefnið innan sem flestra deilda háskóla*

2. Drög að dagskrá fyrsta fundar Leiðtogaáðs

Til umræðu og samþykktar

- GF býður fólk velkomið á þennan annan fund ráðsins á þessu starfsári.
- GF kynnir dagskrá og vekur athygli á að hún byggist á fastri dagskrá skv. lögum LUF.
- GF gefur færi á athugasemdum við dagskrá og tekur fram að alltaf verður hægt að óska eftir að bæta við hana undir önnur mál, ef tími gefst.
- GF leggur dagskrá til samþykktar, (fyrst breytingatillögur ef þær berast) og svo dagskrá í heild.

Dagskrá samþykkt einróma. Engin umræða.

3. Tillaga frá stjórn að kosningafyrirkomulagi

Til umræðu og samþykktar

Geir Finnsson útskýrði kosningafyrirkomulaag.

- **Verði færri en fjórir í framboði:** Verður kosið leynilega í einni umferð. Sá sigrar sem hlýtur flest atkvæði og sá sem fær næst flest atkvæði verður varafulltrúi. Verði jafntefli á milli frambjóðenda verður kosið á milli þeirra. Verði jafntefli á milli tveggja frambjóðenda, þegar einungis tveir eru í framboði gildir atkvæði oddvita leiðtogaáðs tvöfalt.

- GF ber tillögur stjórnar upp til samþykktar.

Samþykkt einróma.

4. Kosning kjörbréfanefndar

Kosning

- GF tilkynnir að stjórn leggi til að Sigurður Helgi Birgisson lögfræðingur LUF og Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LUF sitji í kjörbréfanefnd ásamt einum óháðum fulltrúa úr leiðtogaráði frá félagi sem er ekki með fulltrúa í framboði á fundinum.
- GF óskar eftir sjálfboðaliða. Sunna (ungmennaráð þroskahjálpar) býður sig fram
- Ef enginn hreyfir við andmælum teljast þau kjörin í kjörbréfanefnd.
- SAMÞYKKT

5. Framboð til Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála:

Leynileg kosning

- GF tilkynnir að framboðsfrestur til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála sé runnin út. (17:34)
- GF upplýsir ráðið um að fulltrúinn komi meðal annars til með að sækja loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.
- GF tilkynnir að 3 frambjóðendur gefi kost á sér og að þeir fái að hámarki 3 mínútur til að kynna sig í pontu og verða þeir kallaðir upp eftir stafrófsröð sinna félaga:

Fulltrúi SAMFÉS kemur inn á fundinn 17:36

- 1.1. Ungir jafnaðarmenn (UJ): Ásta Rún Ingvadóttir. GF býður Ástu í pontu til að kynna sig og gera grein fyrir framboði sínu. Fulltrúi UJ, Ragna Sigurðardóttir, gerði grein fyrir framboðinu.
 - 1.2. Ungir umhverfissinnar (UU): Finnur Ricart Andrason. GF tilkynnir ráðinu að Finnur hefur sent ráðinu upptöku þar sem hann er því miður staddur erlendis. Myndband Finns var spilað.
 - 1.3. Ung vinstri græn (UVG): Elínros Birta Jónsdóttir GF tilkynnir ráðinu um að Elínros gat því miður ekki verið viðstödd fundinn. Mun UVG gera grein fyrir framboðinu? Fulltrúi UVG gerði grein fyrir framboðinu.
- GF útskýrir að fulltrúar félaga með fulla aðild kjósi leynilega, hver fulltrúi ráðsins með kosningarétt ritar fullt nafn þess sem hann ætlar sér að kjósa, brýtur seðilinn saman þannig að letrið snúi inn og setur í kjörkassann.

- GF tilkynnir þegar kjörbréfanefnd hefur talningu.
- Þegar úrslit liggja fyrir kynnir GF formann kjörbréfanefndar í pontu til að tilkynna úrslitin. Sigurður Helgi tilkynnti að Finnur Ricart Andrason (UU) var kjörinn ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála og að Ásta Rún Ingvarsdóttir (UJ) var kjörin varafulltrúi.

6. Leiðtogaskóli Íslands 9.-10. og 23.-24. október

Til upplýsinga

- Í fjarveru forseta kynnir GF Tinnu Isebarn framkvæmdastjóra LUF upp í pontu til að gera grein fyrir stöðu helstu verkefna á starfstímabili stjórnar.
 - LÍ mun fara fram dagana 9. - 10. og 23. - 24. október nk. Umsóknarfrestur er 3. október nk.
- GF gefur fulltrúum færi á spurningum.
 - Fulltrúi UÞ spurði út í aðgengi að efni og kennsluháttum LÍ.
 - Tinna staðfesti að kennsluhættir og efni LÍ verði aðgengilegt (e. inclusive)

7. Staða helstu verkefna

Til upplýsinga

- Í fjarveru forseta kynnir GF Tinnu Isebarn framkvæmdastjóra LUF upp í pontu til að gera grein fyrir stöðu helstu verkefna á starfstímabili stjórnar.
 - Tinna kynnti stöðu helstu verkefna. Sjá excel skjal.
- GF gefur fulltrúum færi á spurningum.
 - Engar spurningar.

8. Önnur mál

- GF gefur fulltrúum færi á bera upp önnur mál á dagskrá.
 - Fulltrúi UÞ óskaði eftir því að LUF myndi sjá sérstaklega til þess að UÞ sé tryggt þátttöku í sem flestu sem LUF gerir.
 - Tinna
 - Fulltrúi UÞ ræddi um atvinnumál og menntamál ungra einstaklinga með fötlun. Fulltrúi UÞ vildi kanna hvort að aðildarfélög LUF vilja aðstoða við þann málaflokk.
 - SUF hefur áhuga.
- GF slítur fundi. 18:20